

Stefnumarkandi stjórnunaráætlanir – Destination Management Plans (DMP)

FERÐAMÁLASTOFA

HRAFNHILDUR ÝR VÍGLUNDSDÓTTIR, VERKEFNASTJÓRI
SVÆÐISBUNDINNAR ÞRÓUNAR

Stefnumarkandi stjórnumaráætlanir-DMP

Verkefni um stefnumótandi stjórnumaráætlanir
(Destination Management Plans) um allt land.

- Eitt af forgangsverkefnum Vegvísis
- Samstarf Ferðamálastofu og Stjórnstöðvar ferðamála.
 - Verkefnastjórar eru Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir frá Ferðamálastofu og Anna Katrín Einarsdóttir hjá Stjórnstöð ferðamála.

Hvað er DMP?

Heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað.



Hvað er DMP?

Sameiginleg stefnuyfirlýsing sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma:

- skilgreina hlutverk hagsmunaaðila
- tiltaka beinar aðgerðir sem hver og einn hagsmunaaðila ber ábyrgð á og hvaða bjargir/auðlindir þeir hyggjast nýta við þá ferli

Áætlun um skipulag, þróun og markaðssetningu svæðis.

Dæmi um atriði sem reifuð eru í DMP

Kortlagning á þjónustu (Hvað er á svæðinu og hvað vantar?)

Skipulagning upplýsingaveitu (Hvar og hvernig veitum við upplýsingar? Hvaða upplýsingar?

Forgangsröðun í uppbyggingu áfangastaða (Hvaða svæði á að byggja upp og hvernig?)

Áætlun og forgangsröðun á uppbyggingu grunngerðar og stýringu umferðar um svæðið til að lágmarka neikvæð áhrif (Vegir, merkingar, lokanir o.s.frv.)

Áætlun um tekjuöflun/gjaldtöku á svæðinu (Hvar eru möguleikar á gjaldtöku og hvernig?).

Áætlanir á sviði gæða-, umhverfis- og öryggismála (Vakinn, umhverfisvernd, sorphirða, flokkun, öryggisáætlanir o.s.frv).

Hvað má og hvað má ekki (Hvar má tjalda, leggja, keyra, aðeins fara um með leiðsögn o.s.frv.)?

Og margt fleira...

Helstu verkþættir

1. verkþáttur: Þekkingaryfirfærsla - val á erlendum ráðgjafa – LOKIÐ.
2. verkþáttur: Vitundarvakning/fræðsla - Kynningarfundir um landið um markmið og tilgang verkefnisins (fjármögnun tryggð). – September og október 2016.
 - Tom Buncle og verkefnisstjórar.
3. verkþáttur: Forverkefni – val og framkvæmd (fjármögnun tryggð). – Október 2016
 - Stýrihópur í samvinnu við hagaðila út um landið.
4. verkþáttur: Námskeið um framkvæmd DMP verkefna fyrir væntanlega ráðgjafa/verkefnisstjóra (fjármögnun tryggð). Hefst október/nóvember.
 - Framkvæmt samhliða verkþætti 3 – forverkefni nýtt sem „case study“ fyrir þátttakendur.
5. verkþáttur: Skipting upp í verkefnasvæði í samvinnu við landshlutana og framkvæmt DMP verkefna um land allt (fjármögnun ekki tryggð). Byrjun árs 2017 ef fjármagn fæst.



Erlendur ráðgjafi – Tom Buncle

Framkvæmdastjóri og eigandi Yellow Railroad Ltd. – alþjóðleg ráðgjafastofa á sviði ferðamála.

Yfir 35 ára reynsla í ýmis konar ferðapjónustutengdum verkefnum um allan heim. Hefur m.a. komið að viðlíka verkefnum í fjölmörgum ríkjum Afríku auk, Jordaníu, Kuwait, Bosníu, Serbíu, Noregi, Írlandi, Englandi, Skotlandi, Wales og Frakklandi.

Starfaði áður sem framkvæmdastjóri skoska ferðamálaráðsins (áður Scottish Tourist Board nú Visit Scotland) og sem alþjóðlegur markaðsstjóri Visit Britain í Suðaustur Asíu, Noregi og Kaliforníu.

Skrifaði árið 2009 „Handbook on Tourism Destination Branding“ sem gefin var út af UNWTO (alþjóða ferðamálaráðinu) og ETC (evrópska ferðamálaráðinu).

Valinn úr hópi 7 umsækjenda.



Hvað mun DMP vinna auðvelda?

Forgangsröðun í áætlunargerð ríkissins s.s. fjárlagagerð, samgönguáætlun, innviðaaætlun o.s.frv.

Vinnu opinberra styrkaveitenda s.s. Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða – ef ljóst er hvar áherslur svæðanna liggja er auðveldara að beina fjármagni á rétta staði.

Mörkun og markhópagreiningu - ef svæðin vita hvað þau vilja standa fyrir, hvað þau hafa upp á að bjóða, hvernig þau vilja skipuleggja og stýra sinni ferðaþjónustu er auðveldara að greina æskilega markhópa.

Markvisst gæða- og umhverfisstarf og auka þar með öryggi ferðamanna til muna.

Skýra samskipta- og verkferla.

